



Banaslys 16.09.2006

Suðurlandsvegur við Bollastaði

Ekið á reiðmann

Látinn 61 árs karlmaður

Tími sólarhrings: Kvöld

Lýsing á slysi

Reiðmaður var á leið vestur reiðgötu sem liggur við hlið Suðurlandsvegur og hafði tvö önnur hross í taumi. Hugðist hann fara til Bollastaða, sem er hinum megin við Suðurlandsveg, séð frá reiðgötunni. Reið maðurinn upp á Suðurlandsveg í veg fyrir fólksbifreið sem ekið var austur Suðurlandsveg. Ökumaður reyndi að afstýra árekstrinum með því að beygja frá en missti stjórn á bílnum við það og fór útaf hægra megin. Köstuðust hrossið og maðurinn af framenda bifreiðarinnar á veginn. Reiðmaðurinn fórst við ákeyrsluna. Bíllinn hafnaði á hliðinni utan vegar (sjá skýringamynd). Áfengis- og lyfjapróf leiddi í ljós að reiðmaðurinn var töluvert ölvaður þegar slysið varð. Slysið varð að kvöldlagi og var myrkur. Hvorki þjóðvegurinn né reiðgatan eru með götulýsingu. Ekki voru endurskinsmerki á fatnaði reiðmannsins né hrossunum.



Skýringamynd af slysavettvangi.

Ökumaður fólksbifreiðarinnar slasaðist lítilllega við ákeyrsluna. Engin hemlaför voru eftir bifreið hans. Áfengis- og lyfjapróf ökumanns voru neikvæð.

Fólksbifreiðin var af gerðinni Skoda Octavia. Bíltæknirannsókn var ekki gerð á bifreiðinni. Samkvæmt framburði vitna í bifreið sem ekið var á eftir Skoda bifreiðinni var henni ekið á 90 km/klst. með ökuljós kveikt.



Mynd af skodabifreiðinni á vettvangi

Við rannsókn fundust ekki vísbendingar um að hrossin hefðu fælst þó ekki sé hægt að útiloka þann möguleika.

Orsakagreining

- Reiðmaður fór í veg fyrir fólksbifreið
- Hann var ölvaður
- Hvorki reiðmaður né hross báru endurskinsmerki

Tillögur í öryggisátt

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar tillögu í öryggisátt sem fram kemur í skýrslu um banaslys á Vesturlandsvegi við Köldukvísl 20.8.2006. Leggur nefndin til að settar verði reglur um varúðarmerkingar á reiðmenn og hesta, sbr. 8. mgr. 32. gr. Umferðarlaga nr. 50 1987.

Ábendingar

Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til Umferðarstofu að leita eftir samstarfi við Landssamband hestamanna um forvarnir gegn slysum af þessum toga. Að mati nefndarinnar mælir allt gegn áfengisnotkun meðal reiðmanna. Hún stríðir gegn almennu velsæmi, umferðarlögum, lögum um dýravernd og skapar almannahættu.

Á árinu 2006 fórust fjórir í þremur umferðarslysum sem tengjast hestamennsku. Tveir fórust í banaslysi sem varð vegna lausagöngu hrossa, eitt ungmenni fórst og nokkrir slösuðust alvarlega í bílslysi er þau voru að koma af landsmóti hestamanna, auk hestamannsins sem fórst á Suðurlandsvegi við Bollastaði.

Athugasemdir

Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur mikilvægt að bíltæknirannsókn fari ávalt fram þegar alvarleg umferðarslys eru rannsökuð.

Reykjavík 21.5. 2007
Rannsóknarnefnd umferðarslysa